

Fundargerð 299. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 10. desember 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

### Dagskrá:

### Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 12. nóvember 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 7. desember 2009. Samþykkt.

### Til afgreiðslu:

1. **0912014** Þriggja ára áætlun Reykhólahrepps fyrir árin 2010-2012. Samþykkt.
2. **0912011** Tölvupóstur dags. 7. desember s.l. frá vinnuhópi á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins með beiðni um upplýsingar vegna aðlögunar upplýsingagrunnsins Grósku vegna yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Erindinu hefur verið svarað af formanni félagsmálanefndar.
3. **0912010** Bréf dags. 2. desember s.l. frá Jafnréttisstofu með beiðni um jafnréttisáætlun. Sveitarstjóra og formanni félagsmála- og jafnréttisnefndar falið að svara erindinu.
4. **0912013** Ákvörðun útsvarsprósentu fyrir 2010. Tölvupóstur dags. 8. desember s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með beiðni um afrit af bréfi til Fjármálaráðuneytisins með ákvörðun Reykhólahrepps um útsvarsprósentu fyrir árið 2010. Útsvarsprósentan verði óbreytt, eða 13,28%.
5. **0912006** Tölvupóstur dags. 2. desember s.l. frá Alþingi með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög. Ákveðið að veita ekki umsögn.
6. **0912029** Bréf dags. 26. nóvember s.l. frá Umhverfisstofnun með fyrirspurn um hvernig framlag til vatnsveitu og brunavarna og fl. í Flatey árið 2004 hafi nýst. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
7. **0911026** Tölvupóstur dags. 18. nóvember s.l. frá Alþingi með ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt afheningaröryggi raforku á Vestfjörðum. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um sama mál. Sveitarstjóra falið að senda inn umsögnina.
8. **0911023** Tölvupóstur dags. 19. nóvember s.l. frá Alþingi með ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Ákveðið að veita ekki umsögn.
9. **0911017** Tölvupóstur dags. 11. nóvember s.l. frá Erni Baldurssyni verkefnastjóra Völundarverks-Reykjavíkur með ósk um samstarf. Forsendur fyrir samstarfi ekki fyrir hendi hjá Reykhólahreppi.
10. **0912009** Bréf dags. 2. desember s.l. frá Matvælastofnun um sauðfjárvarnarlínur og hólf á Breiðafirði með ósk um álit sveitarstjórnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við það þó Þjarneyjar og eyjarnar þar suður af tilheyri Snæfellsneshólfi.

## Mál til kynningar:

1. **0911019** Bréf dags. 18. nóvember s.l. frá Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði um rafmagnsöryggi og þjónustu rafverktaka. Kynnt.
2. **0911021** Bréf dags. 10. nóvember s.l. frá Ungmennafélagi Íslands með tillögum samþykktum á 46. sambandsþingi UÍ um íþrótt- og æskulýðsstarf og viðhald íþróttamannvirkja og fegrun umhverfis þeirra. Kynnt.
3. **0911030** Bréf dags. 25. nóvember s.l. frá Þjóðskrá varðandi tilkynningar um lögheimilaflutninga. Kynnt.
4. **0912002** Bréf dags. 27. nóvember s.l. frá Umhverfissráðuneytinu með úrskurði um að lagning vegar milli Eiðis og Þverár skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Kynnt.
5. **0912003** Tölvupóstur dags. 2. desember s.l. með afriti bréfs dags. 1. desember 2009 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga til Nefndasviðs Alþingis varðandi bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Kynnt.
6. **0912004** Tölvupóstur dags. 2. desember s.l. með afriti bréfs til Byggðastofnunar frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með greinargerð varðandi drög að Byggðaaáætlun 2010-2013. Kynnt.
7. **0912005** Bréf dags. 30. nóvember s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Kynnt.
8. **0912015** Drög að haggreiningu á stöðu atvinnulífs Vestfjarða unnin fyrir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Kynnt.

## Önnur mál.

1. Gjaldskrá Reykhólahafnar. Ný gjaldskrá samþykkt. Tekur gildi frá og með 1. janúar 2010.
2. Bréf frá Gunnari Guðmundssyni vegna æfingaaðstöðu í sundlaug. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í takt við umræður fundarins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)